

Orkustofnun
b.t. Kristjáns Geirssonar
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 16. september 2022
UST202208-249/A.Þ.
10.05.05

Efni: Umsókn um nýtingarleyfi - grunnvatn við Vogavík - Benchmark Genetics Iceland hf.

Vísað er til erindis Orkustofnunar er barst 28. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn Benchmark Genetics Iceland hf. um nýtingarleyfi á allt að 1.372 l/s að meðaltali á ársgrundvelli fyrir rekstur fiskeldisstöðvar. Áformuð er nýting á allt að 426 l/s af fersku grunnvatni og 946 l/s af jarðsjó. Sótt er um leyfi til 20 ára.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi sem tekur til eldis með allt að 500 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma á starfstöð fyrirtækisins í Vogavík sem gildir til ársins 2037.

Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og tekur fram að grunnvatnshlot sem framkvæmdarsvæðið tilheyrir nefnist Reykjanes og hefur vatnshlotanúmerið 104-263-G. Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Í álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna aukinnar framleiðslu í eldisstöðinni í Vogavík kemur fram að ólíklegt sé að aukin vinnsla grunnvatns komi til með að hafa neikvæð áhrif á núverandi og fyrirhuguð vatnsból Sveitarfélagsins Voga. Þó sé ástæða til að vöktun fari fram með tilliti til hættu á íblöndun jarðsjávar við ferskvatnsvinnslu og hugsanlegra áhrifa á aðra grunnvatnsvinnslu á svæðinu. Umhverfisstofnun tekur undir að setja skuli ákvæði um vöktun vegna grunnvatnstöku auk í nýtingarleyfi og að vöktunaráætlun skuli liggja fyrir áður en leyfi er veitt þar sem fram koma viðbrögð ef í ljós kemur að vatnstakan hefur neikvæð áhrif á grunnvatnsborð.

Virðingarfyllst,

Agnes Porkelsdóttir,
sérfræðingur

Björn Stefánsson,
sérfræðingur